

**Nd.**

## **365. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

1.—4. gr. laganna falli úr gildi frá 1. júní 1942.

2. gr.

Síðari hluti annarrar málsgr. 7. gr. laganna orðist svo: enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til kirkju, eigi minna en sem svarar því, er meðlimum hans ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Undanþegið þessu gjaldi er sömu-leiðis allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 9. gr. laganna falli niður, en í þeirra stað komi:

Kirkjugjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

Á næsta ári eftir að lög þessi öðlast gildi skal jafnframt innheimta hálf árs-gjald fyrir þann helming fardagaársins, sem liðinn er.

4. gr.

Síðasti málsliður 10. gr. laganna orðist svo: Fyrir gjaldskylda styrkþega greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður sóknargjöld.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **G r e i n a r g e r ð.**

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra, og hefur nefndin gert á því nokkrar breytingar.

Frv. fylgdi eftirfarandi bréf til biskups frá fulltrúum allra sóknarnefnda Reykjavíkur:

„Á sameiginlegum fundi sóknarnefnda, safnaðarfulltrúa og presta þjóðkirkju-safnaðanna í Reykjavík 3. marz voru meðal annars ræddar breytingartillögur, sem menn töldu æskilegar, viðvíkjandi ýmsum lögum, er snerta verksvið sóknarnefnda.

Að þeim umræðum loknum var oss undirrituðum falið að semja frumvörp til laga viðvíkjandi þessum breytingum.

Því verki er nú lokið, og leyfum vér oss að senda herra biskupnum þessi frumvörp vor í þeirri von, að hann telji þau til bóta og mæli með þeim við ríkisstjórn og Alþingi, svo að ríkisstjórnin sjái sér fært að hlutast til um, að þau verði flutt og samþykkt, a. m. k. í aðalatriðum, á því Alþingi, sem nú situr við störf.

Þess skal sérstaklega getið, að vér mundum telja það mjög vel ráðið, að kirkju-stjórnin lėti flytja á þessu Alþingi frumvarp um að fella alveg niður prestsgjaldið, sem um er rætt í I. kafla laganna nr. 40 um sóknargjöld frá 30. júlí 1909.“

Svo nefnt „prestsgjald“ er í reyndinni ekki orðið annað en gjald til ríkissjóðs. Þykir ekki ástæða til að afla ríkissjóði þessara tekna með „nefskatti“ fremur en nefskatti vegna launa sýslumanna og lekna, eða þingfararkaups. Fjármálaráðuneytið telur og tekjur ríkissjóðs af gjaldi þessu tæplega í hlutfalli við þá fyrirhöfn, sem innheimtunni er samfara. Er því lagt til, að 1.—4. gr. laganna verði úr gildi felldar.

Rétt þykir að miða kirkju- og safnaðargjöld við almanaksár, og hentast að gjald-  
dagi þeirra sé í marzlök. Með „lögheimili í ársbyrjun“ er átt við það heimili, er gjald-  
andi hefur verið skráður á við manntal fyrir árslok næstu á undan, ef gjaldandi  
eigi sannar, að hann hafi hinn 1. janúar átt lögheimili annars staðar og greitt þar  
gjöld sín.

Eigi þykir rétt að skylda forsjármenn karlægra gamalmenna til að greiða gjald  
þetta þeirra vegna, og eru aldurstakmörkin sett hin sömu sem um niðurfellingu líf-  
eyrissjóðsgjalds fyrir aldurs sakir.

Ástæða þykir að geta þess sérstaklega, hvar gjaldendur eru gjaldskyldir, með  
því að fólk flyzt víða ört milli sókna og safnaða. Orðin „kirkju eða söfnuði“ eru sett  
vegna þess, að sums staðar, t. d. í Reykjavík, eru söfnuðir kirkjulausir um hrið, en  
þurfa þó engu síður á þessu gjaldi að halda.